

Alþingi  
Erindi nr. P 140/880  
komudagur 5.1.2012



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavíkurlugvelli, 5. janúar 2012

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðapjónustu úti á landi (37. mál.)**

Icelandair Group hf. (hér eftir *Icelandair*) þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu er varðar heilsársferðapjónustu úti á landi.

Með ofangreindri þingsályktunartillögu er stefnt að því að hafið verði nýsköpunaráttak í ferðapjónustu úti á landi í eftirfarandi tilgangi:

1. Fjölga erlendum ferðamönnum utan háannatíma.
2. Bæta við áfangastöðum á landinu.
3. Nýta betur og efla samgöngu- og menningarmannvirki.

*1. Fjölgun erlendra ferðamanna utan háannatíma*

Icelandair tekur undir mikilvægi þess að stuðla að fjölgun erlendra ferðamanna utan háannatíma. Ferðamennska á Íslandi hefur verið mjög árstíðabundin sem gerir það að verkum að fjárfestingar eru ónýttar utan sumartímans.

Það er mikilvægt að horft verði til landsins í heild í þessu samhengi. Vetrarferðamennsku þarf ekki einungis að efla úti á landi heldur einnig á höfuðborgarsvæðinu, enda er það rangt sem fram kemur í tillögunni að álag af völdum ferðamanna dreifist nokkuð jafnt á þeim landshlutum sem liggja næst Keflavíkurlugvelli. Besta leiðin til þess að fjölga erlendum ferðamönnum utan háannatíma væri því ekki endilega að fjölga áfangastöðum heldur að efla nýsköpun og vörubröun og laða þannig ferðamenn til landsins. Í þessum efnum má taka undir þau sjónarmið sem fram koma í 7. kafla tillögunnar um nýja markhópa þar sem fjallað er um leiðir til að leita nýrra sóknarfæra í ferðapjónustu. Við þá umfjöllun mætti bæta norðurljósaskoðunarferðum, sem njóta síaukinna vinsælda, en skv. fréttum dvaldi fjöldi erlendra ferðamanna á Akureyri yfir jólin í því skyni að fara í slíkar ferðir.

Einnig má í þessu samhengi benda á þá nýsköpun að Icelandair hyggst hefja flug á milli Keflavíkur og Akureyrar næsta vor sem hugsanlega væri hægt að framlengja inn í veturinn þegar fram líður.

## 2. Fjölgun áfangastaða á landinu

Í tillögunni er lögð mikil áhersla á það að Akureyrarflugvöllur verði festur í sessi sem millilandaflugvöllur og þar með verði stuðlað að því að flugfélög hefji millilandaflug í gegnum Akureyri.

Icelandair telur að Akureyrarflugvöllur hafi mikilvægu hlutverki að gegna sem varaflugvöllur. Aftur á móti er nauðsynlegt að aðalflugvöllurinn, Keflavíkurflugvöllur, ráði við vöxt áður en farið er í kostnaðarsamar aðgerðir annars staðar. Vissulega væri það fagnaðarefni ef Akureyrarflugvöllur yrði stækkaður og þar með betur í stakk búinn til að taka við af Keflavíkurflugvelli þegar á reynir, líkt og í gosinu í Eyjafjallajökli, en fyrst þyrfti að setja Keflavíkurflugvöll í forgang þar sem það gefur auga leið að fyrst og fremst mun mæða á þeim flugvelli þegar kemur að því að takast á við fjölgun erlendra ferðamanna á næstu árum. Það er einnig brýnt að kostnaður við umbætur á Akureyrarflugvelli vegna mögulegs millilandaflugs verði ekki lagður á innanlandsflugið.

## 3. Betri nýting og efling samgöngu- og menningarmannvirkja



Varðandi samgöngumannvirki er vísað til umfjöllunar að ofan um mikilvægi þeirrar forgangsstöðunar að Keflavíkurflugvöllur geti ráðið við vöxt áður en farið er í aðgerðir annars staðar.

Icelandair tekur undir það að efla beri menningarmannvirki og getur það verið hlutur í því nýsköpunarátaki að laða erlenda ferðamenn til landsins.

## 4. Niðurstaða

Að ofangreindu er ljóst að fara ber varlega í að horfa einungis til Akureyrarflugvallar í því skyni að efla heilsársferðapjónustu. Frekar ætti að fara af stað með nýsköpunarátak, líkt og titill tillögunnar ber með sér, og mætti þannig finna leiðir til að laða ferðamenn til landsins með stuðningi stjórnvalda. Jafnframt undirstrikar Icelandair mikilvægi þess að lögð verði áhersla á að Keflavíkurflugvöllur ráði við vöxt ferðamanna áður en ráðist verði í aðgerðir annars staðar.

Virðingarfyllt,  
f.h. Icelandair Group hf.

   
ICELANDAIR GROUP HF.  
GENERAL COUNSEL

Davíð Þorláksson hdl.

Yfirlögfræðingur

Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík.

Reykjavík 5. janúar 2012

**Efni: Umsögn Isavia um þingsályktunartillögu um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðaþjónustu úti á landi, Þingskjal 37 – 37 mál.**

Vísað er til tölvupósts dags. 6. desember 2011 þar sem þingsályktunartillaga um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðaþjónustu úti á landi er send Isavia til umsagnar.

Isavia fagnar framkominni þingsályktunartillögu og telur hana afar jákvætt skref í markaðsetningu Norðurlands sem ferðamannastaðar. Félagið hefur frá stofnun þess tekið virkan þátt í eflingu á heilsársferðaþjónustu á Íslandi og í þeirri vinnu sinni lagt áherslu á alla flugvelli í landinu. Góð markaðssetning og virkt hvatakerfi eru nauðsynleg tæki til að fá flugfélög til að hefja flug inn á flugvelli þar sem ekki hefur áður verið reglubundið flug til.

Isavia vill koma með eftirfarandi ábendingar:

- Í 3. kafla greinargerðarinnar er fjallað um misjafnt ferðamynstur á landinu og rakin þróun á fjölda ferðamanna. Þar er tekið fram að þessar tölur eigi við um suðvesturhorn landsins en sveiflan sé miklum mun sterkari úti á landi, enda njóti það svæði ekki beins millilandaflugs að vetri til nema í algjörum undantekningartilvikum. Isavia tekur fram að Akureyrarflugvöllur er opinn allan ársins hring, hvort sem er fyrir innanlandsflug sem og millilandaflug, enda er flugvöllurinn einn af þremur varaflugvöllum vegna millilandaflugs. Hins vegar hefur vantað framboð á millilandaflugi á þessum árstíma en til að ráða bót á því þarf að efla markaðssetningu og koma á virku hvatakerfi.
- Í sama kafla kemur einnig fram að Akureyrarflugvöllur „nýtur raunar ekki heldur sömu aðstoðar stjórnvalda og flug um Keflavík“. Fullyrðing þessi er ekki alls kostar rétt og telur Isavia að hún hljóti að vera á misskilningi byggð. Keflavíkurflugvöllur er stærsti flugvöllur landsins og fellur því undir styrkjareglur ESB. Það felur í sér að flugvöllurinn er sjálfbær og er almennur rekstur hans og fjárfestingar fjármagnaðar af gjöldum sem notandi greiðir fyrir þjónustuna. Ríkinu er þó heimilt að styrkja tiltekna þjónustu í almannabágu, svo sem kostnað vegna ríkisfluga en það gildir um alla flugvelli landsins. Rekstur Akureyrarflugvallar er hins vegar að mestu leyti fjármagnaður með ríkisstyrkjum.
- 6. kafla greinargerðarinnar fjallar um stöðu millilandaflugs um Akureyrarflugvöll og sagt að millilandaflug um Akureyrarflugvöll hafi ekki náð að festa sig í sessi á liðnum árum og áratugum. Skýringarnar eru sagðar vera margar, en þó helst þær að fjármagn, bæði frá opinberum og einkaaðilum, hafi skort til markaðssetningar á flugvöllinum á erlendri grundu. Isavia telur helstu skýringuna vera þá að skort hafi á fé til markaðssetningar Norðurlands sem áfangastaðar á erlendri grundu. . Kynning á

Norðurlandi sem áfangastað er það sem draga muni gesti inn á svæðið enekki flugvöllurinn sem slíkur. Þess má þó geta að Isavia hefur frá stofnun félagsins unnið að kynningu á Akureyrarflugvelli á alþjóðlegum ráðstefnum.

- Í 6. kafla er einnig fjallað um gosið í Eyjafjallajökli og afleiðingar þess á fjölda farþega um Akureyrarflugvöll. Í greinargerðinni segir að Akureyrarflugvöllur hafi átt í erfiðleikum með að rísa undir nafni sem varaflugvöllur í landinu sakir þrengsla á flughlaði og í flughöfn. Ljóst er að það ástand sem skapaðist í kringum gosið var alveg einstakt og ef byggja ætti aðstöðu til að geta tekist á við slíkar aðstæður þannig að allt ferlið frá innritun og þar til flugvél fer í loftið gangi snurðulaust fyrir sig, væri slík aðstaða verulega yfirdrifið og lítið nýtt í venjulegu árferði.
- Þá vekur Isavia athygli á því að í Samgönguáætlun þeirri sem nú liggur fyrir Alþingi er ekki gert ráð fyrir stækkun á flugstöð né gerð flughlaða á Akureyrarflugvelli. Ef meira fjármagn hefði verið til í Flugmálaáætlun Samgönguáætlunar hefði verið unnt að skoða að byggja nýtt flughlað á Akureyri á tímabili áætlunarinnar, enda er um frávík að ræða frá kröfum Flugmálastjórnar Íslands, en tekið er skýrt fram að stærð þeirra sem slík skapar ekki hættu.
- Í kafla 6 segir einnig að verði þingsályktunartillaga þessi samþykkt sé eðlilegt að horft verði til þess að flýta framkvæmdum á Akureyrarflugvelli; „enda ljóst að þær miklu annir sem nú eru í innanlandsflugi á staðnum setja hömlur á vöxt í millilandaflugi“. Isavia tekur undir það að eftirsóknarvert væri að fá nýja flugstöð og stærra flughlað. Betri aðstaða hlýtur alltaf að vera af hinu góða. Hins vegar telur félagið að fyrst verði að auka við millilandaflug og farþegastreymið um flugvöllinn áður en farið verði í slíkar framkvæmdir.
- Í 8. kafla greinargerðarinnar er lagt til að sérstaklega verði hugað að því að bjóða upp á hvatakerfi til að laða erlend flugfélög til Norðurlands, svo sem gert hafi verið við markaðsáttak sambærilegra flugvalla á jaðarsvæðum í grannlöndum Íslands. Tekið er fram að flestir þessara flugvalla bjóði upp á hvatakerfi eða upphafsstöð sem feli í sér að þau flugfélög sem hefja flug á nýjum flugleiðum ganga inn í verkefni til tveggja eða þriggja ára að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Isavia hefur þegar hafið uppsetningu á slíku hvatakerfi og er sú vinna nokkuð langt komin og stutt í að kerfið verði klárt. Isavia og Markaðsstofa Norðurlands hafa unnið að því í sameiningu að leggja línurnar með slíkt hvatakerfi bæði Akureyrarflugvöll, og sem einnig myndi nýtast fyrir Egilsstaðaflugvöll.

Að lokum vill Isavia ítreka að félagið tekur heilshugar undir það að meiri áhersla og fjármagni verði veitt til markaðssetningar í þeim tilgangi að efla heilsársferðabjónustu úti á landi og telur að mikil tækifæri geti falist í því. Isavia vill einnig taka fram að það er reiðubúið til að leggja sitt að mörkum til slíks verkefnis.

Fyrir hönd Isavia

  
Ingunn Ólafsdóttir

skrifstofustjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 140/873  
komudagur 5.1.2012



ÍSLANDSSTOFA  
PROMOTE ICELAND

Reykjavík 5. janúar 2012

Nefndasvið Alþingis  
Varðar: Þskj. 37 – mál 37

### Umsögn frá Íslandsstofu

Íslandsstofa fagnar tillögu til þingsályktunar um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðaþjónustu úti á landi. Mikilvægasta verkefni ferðaþjónustunnar hér á landi er að auka arðsemi atvinnugreinarinnar og verður það best gert með því að lengja ferðamannatímabilið og fjölga erlendum gestum sem heimsækja landið utan sumarmánaðanna. Til þess þarf að stunda markvissat kynningar- og markaðsstarf, sem leggur áherslu á Ísland sem áfangastað utan háannar, eins og nú er gert í markaðsverkefninu „Ísland allt árið“, en um leið þarf að hyggja að markvissri uppbyggingu áfangastaða og öflugri vörubrúun..


Samkvæmt nýlegum Ferðaþjónustureikningum Hagstofunnar færir hver erlendur gestur um 230.000 krónur í erlendum gjaldeyri inn í hagkerfið. Takist á næstu 6-8 árum að fjölga erlendum ferðamönnum um 440.000, þannig að þeir verði um ein milljón samtals, munu gjaldeyristekjur þjóðarinnar hafa aukist um 100 milljarða króna og á sama tíma mun störfum í ferðaþjónustunni hafa fjölgað um 5-6000.

Það er því til mikils að vinna að vel takist til um jákvæða þróun ferðaþjónustu hér á landi og mikilvægt að hið opinbera, fyrirtækin og hagsmunaaðilar vinni saman að því marki.

Með vinsemd og virðingu

Jón Ásbergsson  
frankvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 140/883  
komudagur 6.1.2012



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Egilsstaðir, 6. Janúar 2012

**Efni: Þingsályktunartillaga um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðþjónustu úti á landi, 37. mál.**

Markaðsstofa Austurlands styður heils hugar áttak í að efla heilsársferðþjónustu úti á landi. Starfandi hefur verið samstarfshópur um nokkurt skeið á Egilsstöðum er vinnur að því að koma á auknu millilandaflugi um Egilsstaðaflugvöll. Í hópnum eru aðilar frá Fljótsdalshéraði, Þróunarfélagi Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og ISAVIA. Með tilliti til þeirrar vinnu sem hefur verið unnin og er framundan þá ítrekar Markaðsstofa Austurlands að mjög mikilvægt sé að vinna áfram af krafti að málinu. Ekki er æskilegt að málið sé sett í biðstöðu og að sú vinna sem þegar hefur verið unnin úreltist og glatist. Það eru gríðarlegir hagsmunir fólgnir í því að auka millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll, fjölga ferðamönnum á Austurlandi og efla ferðamannaíðnaðinn sem heilsárs atvinnugrein á svæðinu. Það skiptir sköpum fyrir áframhaldandi vinnu starfshóps um Egilsstaðaflugvöll að fá hlutdeild í stuðningi hins opinbera nú.

Fyrir hönd Markaðsstofu Austurlands,



Sigrún Lóa Kristjánsdóttir  
verkefnastjóri



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐVAR  
FERÐAMÁLA  
B.F. NEFNDASVIÐS  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Alþingi  
Erindi nr. P 140/685  
komudagur 7.12.2011

Reykjavík og Akureyri, 7. desember 2011

**Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðapjónustu úti á landi.**

**Mál: 37 - Þskj.: 37 (140. Löggjafarþing)**

Tekið er heilshugar undir tilefni og upplegg þessarar tillögu til þingsályktunar. Mikilvægt er að dreifa ferðafólki betur um landið og yfir árið til að létta álagi af helstu áfangastöðum og fjölga þeim í hugum gesta okkar. Hér á eftir koma nokkrir punktar sem hafa þyrfti í huga að mati Rannsóknamiðstöðvar ferðamála:

- Talað er um að ályktunin sé í anda Sóknaráætlunar 20/20, en mikilvægt er að hafa í huga samþættingu ferðapjónustu við aðra áætlanagerð í landinu. Í tengslum við þessa ályktun væri sérstaklega mikilvægt að horfa til samgönguáætlunar, þá t.d. hlutverk og tengsl almenningsgangna við þjónustuframboð ferðapjónustu.
- Til grundvallar þessu skjali er skýrsla sem gefin var út í upphafi árs 2011 og tíundar svör gesta sem fóru með beinu flugi Iceland Express frá Akureyrarflugvelli, sumarið 2010. Nú er að koma út ný skýrsla sem lýsir samskonar svörum sumarið 2011, en þar er einnig ítarleg umfjöllun um hlutverk flugvalla í markaðssetningu jaðarsvæða og fjöldi dæma. Gögn sumarsins 2011 styðja allar fullyrðingar settar fram í núverandi ályktun og staðfesta þar með niðurstöður sumarsins 2010.
- Næsta sumar stefnir í að Iceland Express muni ekki fljúga til Akureyrar. Á móti kemur að Icelandair hefur hafið að bjóða Akureyri sem áfangastað í gegnum sínar bókunarvélar, þá með tengiflugi frá Keflavík, með leigu véla frá Flugfélagi Íslands. Það sem vakna þá eru spurningar um er hvaða tegund flugfélags er líklegra til að byggja varanlega boðleið fyrir markaðsskilaboð til mögulegs markhóps áfangastaðarins Norðurland. Þetta er mikilvæg spurning í ljósi þessara orða í ályktun, „sníða loks sjálfa ferðavöruna að viðskiptamódeli flugrekstraraðila“ (bls. 9, lína 13).
- Talað er um ráðgjafarhlutverk Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála. Mikilvægt er að skilgreina í hverju það gæti falist. Varðar það einnig almennt markaðsmál og uppbyggingu ferðapjónustu á landinu.

Minniháttar orðalags athugasemdir:

- Á bls. 2, línum 19-20, er talað um undirbúning VÍM, en hún hefur starfað lengi, og einnig stórauðna rannsóknarþjónustu HA. Skólinn veitir ekki slíka þjónustu, það gerir RHA hinsvegar, og Rannsóknamiðstöð ferðamála, en þess má geta að aðalskrifstofa RMF er við HA.
- Á bls. 2, línum 29-32, er talað um gagnaöflun Ferðamálastofu og Hagstofu. Það var könnun RMF sem leiddi í ljós meðalgistináttafjölda á Norðurlandi, en sumarið 2011 er hann 7,45 nætur.

Virðingarfyllt

Dr. Edward H. Huijbens  
Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/877*  
*komudagur 6.1.2012*

Reykjavík, 6. janúar 2012

**Efni: Þingsályktunartillaga um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðaþjónustu úti á landi, 37. mál**

Samtök atvinnulífsins telja að jöfnun árstíðasveiflu og betri dreifing ferðamanna um landið séu stærstu verkefni í íslenski ferðaþjónustu. Til þess að svo megi verða þarf að stórauka rannsóknir og vörubrún auk þess sem tryggja þarf samstarf stjórnvalda og fyrirtækjanna til langtíma í markaðsmálum. Besta leið stjórnvalda til að efla nýsköpun og vörubrún er að efla samkeppnissjóði eins og Tækniþróunarsjóð. Þar má leggja sérstaka áherslu á verkefni sem tengjast ferðaþjónustu.

Stjórnvöld og fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa nú tekið höndum saman um verkefnið ÍSLAND – ALLT ÁRIÐ og til þess er lagt verulegt fé. Mikilvægt er tengja þau verkefni, sem þessari tillögu gætu fylgt, öðrum verkefnum á þessu sviði.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri





*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/876*  
*komudagur 6.1.2012*

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 6. janúar 2012

**Efni: Þingsályktunartillaga um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðaþjónustu úti á landi, 37. mál.**

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar og vilja taka eftirfarandi fram:

Jöfnun árstíðasveiflunnar og betri dreifing ferðamanna um landið eru stærstu verkefni í íslenski ferðaþjónustu í framtíðinni. Til þess að svo megi verða þarf að stórauka rannsóknir og vörubrúun auk þess sem tryggja þarf samstarf stjórnvalda og fyrirtækjanna til langtíma í markaðsmálum.. Bent er á þá staðreynd að ferðaþjónustan fær 0.5% af rannsóknarfé atvinnuveganna. Fyrsta skrefið er að koma þeim málum í betra horf.

Ef Alþingi er tilbúið að setja aukna fjármuni í að styrkja svæðið frá Húnavatnssýslum að Austfjörðum er því að sjálfsögðu fagnað og mun þá væntanlega koma í ljós hvort það leiðir til beins flugs inn á svæðið.

Mikilvægt er að þessi tillaga, sem og aðrar sem fjalla um ferðaþjónustu, styðji við ferðamálaáætlun stjórnvalda og verkefnið ÍSLAND – ALLT ÁRIÐ sem er líka samvinnuverkefni stjórnvalda og fyrirtækjanna í ferðaþjónustu.

Virðingarfyllst  
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir  
framkvæmdastjóri

Austurlandi, 6. janúar 2012

## Atvinnuveganefnd Alþingis

### **Efni:** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðþjónustu úti á landi.


140. löggjafarþing 2011-2012  
Þingskjal 37 – 37. mál

Mikil uppbygging hefur verið í ferðþjónustu á Austurlandi síðustu ár og ljóst að ferðþjónustuaðilar sjá mikil sóknartækifæri í fjölgun ferðamanna og lengingu á ferðamannatíma. Í dag er starfandi hópur sem hefur það m.a. að markmiði að efla markaðssetningu á Alþjóðaflugvöllinum á Egilsstöðum og í honum eru fulltrúar frá ISAVIA, Markaðsstofu Austurlands, Sveitarfélaginu Fljótshálsa og Þróunarfélagi Austurlands. Hópurinn hefur unnið mikla og góða greiningarvinnu á aðstæðum á Austurlandi, en tilfinnanlega skortir fjármagn til frekari markaðssetningar erlendis á flugvöllinum og þeirri afþreyingu sem er í boði á Austurlandi.

Vert er að benda á skýrslu sem kom út í janúar 2008 og var unnin af Kolfinnu Jóhannsdóttur og Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Bifröst fyrir Sveitarfélagið Fljótshálsa og Þróunarfélag Austurlands *Lenging á flugbraut Egilsstaðaflugvallar. Þarfagreining og framtíðartækifæri*<sup>1</sup> en þar kemur m.a. fram (bls 41):

Það er ljóst að stór hluti ferðamanna sækir Austurland heim þrátt fyrir að innkoma langflestra erlendra ferðamanna sé í gegnum Keflavíkflugvöll á hinum enda landsins. Það er einnig ljóst að mikið verk er óunnið bæði á Austurlandi sem og landsbyggðinni allri í að auka hlutdeild sína í ferðþjónustu á tímabilinu fyrir utan sumarmánuðina. Hátt hlutfall gístinátta á Austurlandi í júní, júlí og ágúst sýnir að svæðið er mjög öflugt yfir sumarmánuðina og gefur tilefni til að ætla að mikil eftirspurn sé eftir heimsóknnum á svæðið.

Þróunarfélag Austurlands fagnar tillögu til þingsályktunar um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðþjónustu úti á landi. Þróunarfélagið vill hins vegar benda á að samhliða verkefninu á Norðurlandi mætti vinna sambærilegt verkefni fyrir Austurland, en ekki bíða til ársins 2015 eftir niðurstöðum frá Norðurlandi, eins og gert er ráð fyrir í 10. lið greinargerðar með þingsályktuninni.



Hafliði H. Hafliðason, framkvæmdastjóri Þróunarfélags Austurlands

<sup>1</sup> [http://rannsoknamidstod.bifrost.is/Files/Skra\\_0026444.pdf](http://rannsoknamidstod.bifrost.is/Files/Skra_0026444.pdf)